

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

LSS150224

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 28. mars 2011, og viðauka við grunnlýsingu, dagsettur 30. ágúst 2011, skv. IV. og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu, viðauka við grunnlýsingu og endanlegum skilmálum. Grunnlýsingu útgefanda, og viðauka má nálgast á starfsstöð útgefanda og á heimasíðu hans, sem er: www.lanasjodur.is

Útgefandi	Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.
Ábyrgð útgefanda	Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétt háar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda
Auðkenni	LSS150224.
ISIN númer	IS0000018869.
Tilgreind mynt	ISK.
Nafnverð	ISK 550.000.000.
Áður útgefið og selt	ISK 27.694.000.000.
Stærð flokks skv. núgildandi heimild	ISK 40.000.000.000 að nafnvirði.
Dagaregla	30E/360.
Nafnverðseiningar	ISK 1.
Útgáfudagur	26. janúar 2012.
Fyrsti vaxtadagur	29. október 2008.
Tegund bréfs	Verðtryggt jafngreiðslubréf.
Vextir	3,75% fastir verðtryggðir ársvextir.
Tíðni afborganna og vaxta	Tvisvar á ári, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.
Fyrsta greiðsla	15. febrúar 2009.
Fjöldi vaxtagreiðslna og afborgana	31.
Lokagjalddagi	15. febrúar 2024.
Verðtrygging og grunnvísitala	Skuldabréf þetta er bundið vísitölu neysliverðs til verðtryggingar (VNV). Grunnvísitala bréfanna er 312,8 (VNV október 2008).

Ávöxtun á söludegi	Ávöxtunarkrafa dags. 24. janúar 2012 er 2,55% og sölugengi 113,869766.
Útreikningur ávöxtunar	Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins sé jafnt söluverðinu.
Taka til viðskipta	Sótt hefur verið um að skuldabréf að fjárhæð ISK 550.000.000 að nafnvirði verði tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. þann 27. janúar 2012.
Uppgreiðsluheimild	Engin uppgreiðsluheimild er á skuldabréfunum.
Víkjandi ákvæði	Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum.
Hlunnindi	Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum.
Verðbréfamíðstöð	Verðbréfaskráning Íslands hf., Laugavegi 182, Reykjavík.

Skuldabréf í flokknum verða seld til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu 27. janúar 2012. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölnnar er Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Lánasjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur 0,5% af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald vegna skráningar skuldabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands sem nemur 0,002% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga ISK 105.000 fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu gjaldi sem nemur 0,001% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK 3.259.904.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK 626.283.713. Að fráreginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu og annars kostnaðar er nettósöluandvirði útgáfunnar ISK 623.023.809.

Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 25. janúar 2012:

sem hefur til þess fullt umboð